

Réttindabingó!

Hvað vitum við um mannréttindi?

Málefni	Almenn mannréttindi, börn, mannöryggi
Þyngdarstig	Stig I
Hópstærð	8+
Tími	40 mínútur
Yfirlit	Þetta er einfaldur spurningaleikur og tilbrigði við venjulegt bingó, þar sem þátttakendur deila þekkingu sinni á mannréttindum og reynslu af þeim.
Tengd réttindi	Öll mannréttindi
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að vita að mannréttindi eru mikilvæg fyrir alla, hvar sem er í heiminum. • Að þroska hæfileika til að hlusta. • Að efla virðingu fyrir öðru fólki og skoðunum þess.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Eitt eintak af spurningablaðinu og blýantur á mann. • Flettistöfluarkir og merkipennar.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Ljósritaðu spurningablaðið á stórt pappírslað eða flettistöfluappír. • Kynntu þér grundvallarréttindin sem eru talin upp í Mannréttindayfirlýsingu SP og Barnasáttmálanum.

Leiðbeiningar

1. Dreifiðu spurningablöðunum og blýöntunum.
2. Útskýrðu að þátttakendur eigi að finna sér meðspilara og spyrja hann einnar spurningarinnar á blaðinu. Lykilorðin í svarinu á að skrifa í viðkomandi reit.
3. Síðan finna þátttakendur sér annan meðspilara.
4. Tilgangur leiksins er ekki bara að fá svar í hvern reit, heldur líka að fá nýjan einstakling til að svara hverri spurningu.
5. Sá sem er fyrstur að fá svar í hvern reit kallar „bingó!“. Hann vinnur.
6. Nú skaltu hefja umræðurnar. Lestu upp spurninguna í fyrsta reitnum og láttu þátttakendur, hvern á eftir öðrum, greina frá þeim svörum sem þeir fengu. Skrifaðu lykilorðin á flettistöfluna. Leyfðu stuttar athugasemdir á þessu stigi.
7. Þegar allt er komið á flettistöfluna skaltu fara rækilega yfir svörin í hverjum reit.

Samantekt og mat

- Tengdust allar spurningarnar mannréttindum? Hvaða réttindum?
- Hvaða spurningum var erfiðast að svara? Hvers vegna?
- Hvaða spurningar voru umdeildastar? Hvers vegna eru réttindi umdeild?
- Hvaðan höfðu þátttakendur vitneskju sína um mannréttindi og mannréttindabrot? Eru þeir vissir um að þær upplýsingar séu réttar?

MÁLEFNI



ALMENN MANNRÉTTINDI



BÖRN



MANNÖRYGGI

ÞYNGDARSTIG

STIG 4

STIG 3

STIG 2

STIG 1

STIG 1

HÓPSTÆRÐ



8+

TÍMI



40 MÍNÚTUR

Ábendingar til leiðbeinanda

Breyta má spurningunum til að laga verkefnið að áhugasviði og kunnáttu hópans.

Þegar svör þátttakenda við hverri spurningu eru skráð skal aðeins skrifa lykilorðin. Markmiðið með töflunni er að ýta undir umræður síðar. Eftir hverja umferð ætti að svara stuttlega spurningum ef þörf er á nánari útskýringu. Auðkenna skal atriði sem ræða þarf betur og fjalla um þau aftur í lokin.

Þátttakendur nefna ef til vill dæmi sem leiðbeinandinn þekkir ekki, annaðhvort af því að þau eru óljós eða þau eru persónuleg. Þetta á ekki að gera neitt til. Enginn getur vitað allt! Leiðbeinandinn getur spurt þátttakendur hvaðan þeir hafi þessa vitneskju sína og rætt hversu áreiðanleg hún sé. Þetta er í rauninni gott tækifæri til að hvetja þátttakendur til að vera ætíð gagnrýnir á upplýsingar.

Sum svörin geta verið umdeild. Til dæmis gæti einhver haldið því fram að í fóstureyðingu felist synjun á réttinum til lífs. Sumir í hópnum gætu haldið þessu mjög ákaft fram og aðrir mótmælt því jafnkröftuglega. Það sýnir í fyrsta lagi að mikilvægt er að reyna að skilja öll sjónarmið sem tengjast málefni og að reyna að fá það nákvæmlega fram hvers vegna þátttakendur eru á tiltekinni skoðun. Alltaf koma upp hagsmuna- og réttindaárekstrar (í þessu tilviki hagsmunir og réttindi móður og ófæddis barns). Hvað sem líður ólíkum skoðunum eða túlkunum á réttindum, þá á fólk alltaf að sýna þeim sem hafa aðrar skoðanir virðingu. Þótt menn kuni að vera ósammála skal alltaf sýna gagnkvæma virðingu.

Í öðru lagi þurfa þátttakendur að gera sér ljóst að þekking á mannréttindum er nauðsynleg vegna þess að þau eru umdeild. Það er ekki skýrt og fastákveðið í eitt skipti fyrir öll hvernig þau skuli túlkuð og þeim beitt; stöðugt þarf að endurmeta þau og þróa. Þess vegna verða allir að taka þátt í því að stuðla að mannréttindum og verja þau.

Tillögur um framhald

Taka má eitt eða tvö svaranna sem ágreiningur varð um og ræða þau raunhæfu vandamál sem upp koma þegar reynt er að skapa almenna virðingu fyrir mannréttindum.

Einnig er hægt að nota myndir þegar fjallað er um mannréttindi. Komast má að því hvernig þátttakendur líta á mannréttindi í verkefninu „Hvað sérð þú?“ á bls. 184. Verkefnið getur ýtt undir alls konar umræður, til dæmis um staðalmyndir, hvernig við sköpum okkur mynd af heiminum, og um mismunun.

EFNI TIL DREIFINGAR

Spurningablað

<p>Heiti á samningi þar sem kveðið er á um mannréttindi.</p>	<p>Sérstakur réttur sem öll börn eiga að hafa.</p>	<p>Systursamtök Rauða krossins.</p>
<p>Réttur sem sumu fólki í landi þínu er neitað um.</p>	<p>Mannréttindi sem þér hefur verið neitað um persónulega.</p>	<p>Stofnun sem berst fyrir mannréttindum.</p>
<p>Skylda sem hvílir á okkur öllum í tengslum við mannréttindi.</p>	<p>Dæmi um mismunun</p>	<p>Réttur sem konum er stundum neitað um.</p>
<p>Einhver sem berst fyrir mannréttindum.</p>	<p>Brot á réttinum til lífs.</p>	<p>Dæmi um það hvernig hægt er að brjóta á réttinum til einkalífs.</p>